



Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2019100012

4. október 2019

Hæðargarður, bann við því að stöðva og leggja næst Réttarholtsvegi

Lagt er til að sett verði bann við því að stöðva og leggja við norðurkant Hæðargarðs, frá gatnamótum við Réttarholtsveg og 25 metra inn götuna. Bannið sé táknað með skilti B24.11 og tilheyrandi undirmerki.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Almennt er ökutækjum ekki lagt við norðurkant Hæðargarðs, nema á bilinu milli Réttarholtsvegar og innkeyrslu að bílastæði við Hæðargarð 29-35. Í suðurkanti götunnar eru bílastæði afmörkuð og rými undir götu er u.þ.b. 7,5 m breitt; sé ökutækjum lagt í norðurkanti nálægt gatnamótunum við Réttarholtsveg þrengir það götuna svo torvelt er fyrir tvö ökutæki að mætast.


Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

Bjarni Rúnar Ingvarsson

Ráðgjafaverkfræðingur



Mynd 1 Lagt er til bann við því að leggja og stöðva í norðurkanti Hæðargarðs næst Réttarholtsvegar, bannið gildi 25 metra inn götuna, merkt með rauðu. (www.borgarvefsja.is, LUKR/Samsýn)



Mynd 2 Lagt er til bann við því að leggja í norðurkanti fram yfir brunahana í Hæðargarði næst Réttarholtsvegi, 25 metra, merkt með rauðu. (www.ja.is)